


Alþingi
Erindi nr. P 139/1826

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS komudagur 28.3.2011

Skúlatúni 2 • 105 Reykjavík • Sími 520 7150 • Fax 520 7171
Netfang: stadlar@stadlar.is • Veffang: www.stadlar.is

ÍSLENSKIR
STAÐLAR



Menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dags.: 25. mars 2011

Umsögn um frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls

533. mál – Þskj. nr. 870

Staðlaráði Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Umsögn þessi lýtur fyrst og fremst að hlutverki og skipun Íslenskrar málnefndar, sbr. 5. grein frumvarpsins.

Samkvæmt lögum um Íslenska málnefnd, nr. 2/1990, tilnefndi Staðlaráð Íslands einn fulltrúa í Íslenskri málnefnd, í krafti þess að vera talið til "ýmissa stofnana og samtaka sem samkvæmt lögum eða vegna eðlis síns hafa mikil áhrif á málfar almennings", eins og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 80/1984, en með þeirri breytingu var fulltrúum í málnefndinni fjölgað úr 5 í 15.

Með samþykkt laga nr. 40/2006 um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun var þessu fyrirkomulagi breytt og Staðlaráð missti rétt sinn til að tilnefna fulltrúa í Íslenskri málnefnd, þrátt fyrir að Staðlaráð hefði í umsögn um frumvarp til þeirra laga mótmælt fyrirhugaðri breytingu, enda voru engin rök fyrir henni tilgreind í frumvarpinu.

Staðlaráð vekur athygli á að mikið af því nýyrða- og íðorðastarfi sem unnið er héraendis byggist á stöðlum, og til að mynda eru Tölvuorðasafn og Raftækniórðasafn nánast alfarið byggð á alþjóðlegum stöðlum. Staðlaráð tekur undir með greinargerð með frumvarpinu, þar sem segir að íðorðastarfi og rækt við sérfræðimál sé afar mikilvægt fyrir vöxt og viðgang íslenskrar tungu, og fagnar því að fá aftur rétt til að tilnefna fulltrúa í Íslenskri málnefnd, eins og lagt er til í frumvarpi til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Staðlaráð leggur áherslu á að Íslensk málnefnd hefur hlutverki að gegna á sviði íðorða- og nýyrðastarfs, og að Staðlaráð eigi rétt á að tilnefna fulltrúa í málnefndina, eins og á árunum 1990-2006.

Fyrir hönd Staðlaráðs Íslands.
Virðingarfyllt,

Guðrún Rognvaldardóttir
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands